

Verðtilfærslusjóður SAM 2011

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóði SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2011 og 2010:

	2011	%	2010	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	38.206.085	12,2%	51.762.169	15,8%
Innheimt verðtilfærsla	273.567.835	87,8%	275.831.114	84,2%
Samtals til ráðstöfunar	311.773.920	100,0%	327.593.283	100,0%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	106.073.521	36,8%	115.450.711	39,9%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	153.969.616	53,5%	147.174.994	50,9%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	23.923.556	8,3%	22.624.026	7,8%
Annað	4.116.283	1,4%	4.137.467	1,4%
Samtals ráðstafað	288.082.975	100,0%	289.387.198	100,0%
Afgangur fært til næsta árs	23.690.945		38.206.085	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð minni árið 2011 en árið 2010 vegna minni sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru um 14,5 milljónum króna hærrí en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2011 var 23,7 milljónir króna. Verðtilfærslusjóður SAM hefur verið rekinn með tapi mörg undanfarin ár. Að óbreyttu fyrirkomulagi verður sjóðurinn tæmdur síðari hluta árs 2013.